

Svar

samgönguráðherra við fyrirspurn Örlygs Hnefils Jónssonar um fjölgun, vistun og flutning opinberra starfa og stofnana.

1. Hver var fjölgun starfa á vegum ráðuneytisins árin 1991–2000 og hvernig skiptust störfín milli höfuðborgar og landsbyggðar?

Í upphafi skal geta þess að ráðherra setti fram í bréfi, dags. 26. október 1999, til undirstofnana samgönguráðuneytisins, Landssíma Íslands hf. og Íslandspóstis hf. þá skýru stefnu að leita skyldi leiða til að flytja störf út á landsbyggðina. Í bréfinu sagði m.a.:

„Eins og kunnugt er þá hefur búsetuþróunin í landinu verið landsbyggðinni mjög óhagstæð hin síðari ár. Ástæður þeirrar þróunar eru margvíslegar. Talið er að fjölgun atvinnutækifæra á vegum opinberra aðila á höfuðborgarsvæðinu eigi sinn þátt í þessari óæskilegu þróun. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er kveðið á um að með markvissum ráðstöfunum muni ríkisstjórnin beita sér fyrir því að undirstöður byggðar í landinu verði treystar. Liður í þeirri viðleytni er að auka fjölbreytni í atvinnutækifærum og staðsetja stofnanir utan höfuðborgarsvæðisins eftir því sem unnt er.

Með vísan til þessa, er hér með óskað eftir því við fyrirtækið að áður en nýtt starfsfólk er ráðið til starfa í ný verkefni eða starfsmenn færðir milli verkefna, verði kannað hvort unnt sé að vinna viðkomandi verk utan höfuðborgarsvæðisins, og þá helst á þeim svæðum þar sem atvinnulíf er einhæft.“

Í töflunum, sem eru byggðar á gögnum frá Ríkisfjárhirslu, sjást breytingar á störfum á vegum ráðuneytisins 1991–2000. Tafla 1 sýnir breytingar á fjölda starfa eftir sveitarfélögum en tafla 2 sýnir breytingar á fjölda starfa á höfuðborgarsvæðinu annars vegar og á landsbyggðinni hins vegar. Ráðuneytið vill vekja athygli á því að í sumum tilfellum hafa störf unnin á landsbyggðinni verið skráð á höfuðborgarsvæðinu. Hið gagnstæða kann einnig að hafa átt sér stað. Bent skal á að um áramótin 1996/1997 var Pósti og sími breytt í hlutafélag. Við það færðist mikill fjöldi starfa frá ríkinu.

Tafla 1. Breytingar á fjölda starfa eftir sveitarfélögum.

Númer	Flokkað sem	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000
1	Höfuðborgarsvæði	2234,98	1783,66	1999,16	1958,53	1956,94	1984,49	2002,12	433,12	476,37	503,85	504,69
2000	Reykjanesbær	79,09	19,26	65,64	62,23	62,1	63	62,54				
2300	Grindavík	5,68	44,41	7,35	7,01	6,93	7	7,21				
2500	Gullbringusýsla	38,07	118,17	38,36	43,55	44,83	55,46	56,43	61,26			
2503	Sandgerðisbær	17,7	6,96	17,51	16,92	17,88	5,54	5,34				
2504	Gerðahreppur		17,53	4,21	4,29	4,55	4,45	4,16				
2506	Vatnsleysustrandahreppur	3,65	4,15	3,63	4,16	4,21	4,29	3,93				
3000	Akranes	5,45	17,79	25,56	26,28	26,01	26,82	26,83				
3501	Hvalfjarðarstrandahreppur		28,83									
3510	Borgarfjarðarsveit	1,72	7,11	1,34	0,98	1,47	1,5	1,55				
3609	Borgabyggð	60,87	21,25	64,76	71,7	72,64	71,61	62,19	48,13	46,65	45,86	46,23
3700	Snæfellsnessýsla	1,12	29,47	1	1,12	1,12	1,12	1,12				
3709	Grundarfjarðarbær	4,95	17,82	5,17	4,56	4,57	4,58	5,17				
3711	Stykkishólmsbær	10,03	6,11	10,53	8,94	11,43	11,66	11,53	0,43	0,42	0,41	0,41
3714	Snæfellsbær	27,83	209,52	29,24	28,58	26,64	12,6	11,77	2,4	2,3	1,75	1,71
3800	Dalásýsla	1,18	1,06	1,15	1,09	1,16	1,16	1,07				
3811	Dalabyggð	4,41	9,69	4,45	5,32	4,78	5,15	4,82	1,08	1,15	1,15	1,53
4100	Bolungarvík	4,72	42,08	4,96	5,24	4,87	4,96	5,18				
4200	Ísafjarðarbær	99,3	21,88	101,19	105,31	108,77	105,99	104,88	47,26	45,61	44,41	46,59
4502	Reykholahreppur	2,9	8,02	3,36	3,33	3,27	3,28	3,31				
4600	Vestur-Barðastrandarsýsla	1,1	34,47	1,1	1	1	1,07	1,16	1,15			
4604	Tálknafjarðahreppur	3,24	9,92	3,35	3,4	3,57	3,37	3,36				
4607	Vesturbyggð	15,66	12,95	17,17	17,98	17,55	17,29	18,45	2,37	3,94	3,76	3,65
4700	Vestur-Ísafjarðarsýsla	1	1,1	1	1	1	1					
4803	Súðavíkurreppur	2,33	3,3	2,43	2,26	2,3	2,45	2,81				
4900	Strandarsýsla	1	1	1	1	1	1	1,17	1,11			
4901	Árneshreppur	1,31	1,25	1,55	1,38	1,33	1,42	1,45	1,36	1,78	1,32	1,23
4902	Kaldrananeshreppur	1,4	2,31	1,6	1,6	1,68	1,62	1,64				
4908	Bæjarhreppur	1,98	4,96	2,07	2,56	2	1,91	2,15				
4910	Hólmavíkurreppur	6,06	3,24	6,21	6,74	6,13	6,37	6,21	1,4	2,53	2,51	1,69
5000	Siglufjörður	12,79	3,46	18,05	18,47	11,55	11,73	11,04	1,42	1,41	26,16	25,63

Númer	Flokkað sem	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000
5200	Sveitarfélagið Skagafljörður	52,31	27,06	55,34	42,7	48,88	49,03	48,52	23,88	25,26	2,27	2,55
5500	Vestur-Húnavatnssýsla	1,07	36,86	1,19	1,19	1,19	1,19	1,19	2,19			
5508	Húnaþing vestra	4,64	10,05	5,26	5,61	5,52	5,98	5,31		2,02	1,19	1,24
5600	Austur-Húnavatnssýsla	1										
5604	Blönduósbaer	8,04	7,91	8,57	8,31	8,2	8,53	8,11				
5609	Höfðahreppur	4,1	7,38	4,42	4,17	4,24	4,58	4,87				
6000	Akureyri	145,45	2,72	218,19	215,76	213,36	222,68	231,29	72,58	89,56	53,49	52,69
6100	Húsvíkurbær	18,07	216,59	16,89	15,6	15,9	16,48	16,61	3,09	3,59	3,5	4,02
6200	Ólafsfjarðarbær	4,89	16,87	4,74	4,96	4,75	4,45	5,06				
6400	Dalvíkurbyggð	6,2	4,4	6,64	6,23	6,43	6,43	6,41				
6501	Grimseyjarhreppur	1,39	6,76	3,88	3,88	4,19	4,22	4,34				
6504	Hriseyjarhreppur	2,16	2,73	2,67	2,31	2,41	2,74	2,56				
6602	Grytubakkahreppur	2,66	2,51	2,46	2,55	1,9	2,19	2,38				
6607	Skútustaðahreppur	3,02	2,39	3,41	3,54	2,91	2,77	2,9				
6609	Aðaldælahreppur	6,01										
6612	Þingeyjarhreppur	2,05	3,25	2,23	1,99	2,04	1,8	2,2				
6700	Norður Þingeyjarsýsla	1	1,21	1	1	1	1,11	1,19	1,19			
6702	Öxarfjarðahreppur	6,6	3,48	3,77	3,66	3,91	4,04	4	1,13	1	1,22	0,42
6705	Raufarhafnarhreppur	4,64	3,55	4,17	4,08	4,66	4,13	3,87	1,28	1,01	1,14	0,42
6707	Þórshafnarhreppur	4,88	5,21	4,75	5,09	4,85	5,41	5,52	1,21	2,43	2,34	2,53
7000	Seyðisfljörður	10,22	3,5	9,2	9,09	8,47	8,29	8,34				
7300	Fjarðabyggð	16,86	28,01	19,23	17,8	18,95	18,06	17,35	1,56	1,49	35,11	36,82
7500	Norður-Múlasýsla	1,5	1,03	1,5	1,5	1,5	1,5	1,5	1,5			
7501	Skeggjastaðahreppur	1,94	7,03	2,13	1,87	1,62	2,06	2,14				
7502	Vopnafjarðahreppur	6,5	2,06	9,23	9,12	9,3	9,54	10,14	1,69	1,61	1,72	1,45
7506	Fellahreppur									1,5	1,5	
7509	Borgarfjarðahreppur	44,89	10,78	47,31	47,91	45,05	47,51	46,2	38,89	36,43		
7605	Mjóafjarðahreppur	0,31	0,72	0,42	0,39	0,39	0,39	0,39				
7611	Búðahreppur	4,33	5,21	5,06	4,58	5,02	4,93	4,9				
7612	Stöðvarhreppur	3,44	4,5	3,17	3,21	3,54	3,62	3,17				
7613	Breiðdalshreppur	3,68	4,91	3,57	3,75	3,89	3,76	3,62	0,48			
7617	Djúpavogshreppur	4,26	3,15	4,25	4,11	4,42	4,74	4,09				

Númer Flokkað sem	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000
7618 Austur-Hérað	46,29	40,78	46,43	44,99	44,74	42,87	45,78	11,12	11,44	11,36	11,74
7700 Austur-Skaftafellssýsla	1	39,58	1	1	1	1	1	1			
7708 Sveitarfélagið Hornafjörður	18,82	25,84	22,78	21,19	21,31	21,48	21,11	3,45	4,94	5,16	4,96
8000 Vestmannaeyjabær	65,14	26,58	66,8	65,67	67,53	69,03	67,59	5,42	30,96	27,98	30,24
8200 Sveitarfélagið Árborg	4,29	3,18	4,97	5,26	6,06	5,61	5,86				
8500 Vestur-Skaftafellssýsla	2										
8508 Mýrdalshreppur	4,56	36,29	6,74	6,59	6,37	6,34	6,9	1,77	1,77	1,78	1,76
8509 Skaftárhreppur	3,09	5,23	3,14	3,31	3,82	3,26	3,13				
8600 Rangárvallasýsla	1,01										
8613 Rangárþing eystra	6,34	5,26	15,52	15,21	15,23	15,6	14,58	1,27	2,29	1,27	1,25
8614 Rangárþing ytra	5,87	24	5,45	5,91	6,77	6,74	7,64	1,34	1,59	1,64	1,61
8700 Árnessýsla	34,35	1	41,94	44,33	38,19	29,17	27,93	27,26			
8710 Hrunamannahreppur		2,25				0,36	1,87				
8716 Hveragerðisbær	6,78	2,81	7,24	7,44	7,93	7,77	7,46				
8717 Sveitarfélagið Ölfus	4,46	7,1	6,11	5,91	5,61	5,41	5,57				
8721 Bláskógabyggð	2,9		2,82	2,89	2,66	2,76	2,7				

Tafla 2. Breytingar á fjölda starfa á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni.

	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000
Höfuðborgarsvæðið	2.235	1.784	1.999	1.959	1.957	1.984	2.002	433	476	504	505
Landsbyggðin	1.002	1.361	1.131	1.124	1.122	1.109	1.106	374	326	281	285
	3.237	3.145	3.130	3.083	3.079	3.093	3.108	807	802	785	790

2. *Hvaða nýju stofnanir voru vistaðar á vegum ráðuneytisins á landsbyggðinni árin 1991–2000 og hvar?*
3. *Hvað hafa fylgt þessum stofnunum mörg ný störf, hvar eru þau vistuð og hvernig skiptast þau milli einstakra kaupstaða og sýslna?*

Ekki hafa verið settar á stofn neinar nýjar stofnanir á vegum ráðuneytisins á landsbyggðinni á því tímabili sem spurt er um, og því ekki um að ræða nein ný störf.

4. *Hvaða stofnanir voru fluttar á vegum ráðuneytisins frá höfuðborginni til landsbyggðar árin 1991–2000 og hvert?*
5. *Hvað hafa fylgt þessum stofnunum mörg störf, hvar eru þau vistuð og hvernig skiptast þau milli einstakra kaupstaða og sýslna?*

Vegagerðin eflir starfsemi sína á landsbyggðinni.

Að ósk samgönguráðherra hefur Vegagerðin gert áætlun um eflingu starfsemi sinnar á landsbyggðinni. Er þar bæði um að ræða flutning verkefna frá Reykjavík út á land og staðsetningu nýrra starfa á landsbyggðinni. Störfin sem um er að ræða eru á sviði upplýsingaþjónustu, eftirlits af ýmsu tagi, gagnasöfnunar, gagnavinnslu, símsvörunar, umferðar og umferðaröryggis, umsjónar með ferjurekstri og veghönnunar. Umdæmisskrifstofur Vegagerðarinnar eru á Selfossi, í Borgarnesi, á Ísafirði, Sauðárkróki, Akureyri og Reyðarfirði og á þessum stöðum er þungi starfseminnar í hverju umdæmi. Miðað er við að nýju störfin verði til á fyrrgreindum stöðum og þá einkum á þeim stöðum sem fjær eru höfuðborginni. Vegagerðin kaupir mikið af þjónustu af einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum. Stefnan er að skipta við aðila á landsbyggðinni í meira mæli en verið hefur til þessa. Jafnframt því sem stefnan er ákveðin fyrir næstu ár verður farið í athuganir og undirbúning að frekari eflingu starfsemi Vegagerðarinnar á landsbyggðinni í framtíðinni.

Í nóvember 2001 flutti Vegagerðin skiptiborð og hluta af upplýsingaþjónustu við vegfar-
endur til Ísafjarðar. Þar er því aðalsímsvörun Vegagerðarinnar og svarað í símanúmerið 1777 og veittar upplýsingar um færð og veður. Þar er um að ræða fjögur ný stöðugildi. Þá hafa verið flutt til Akureyrar fjögur störf er tengjast ýmsu eftirliti á vegum Vegagerðarinnar og umferðaröryggismálum og til Sauðárkróks var flutt eitt starf er tengist skipulagningu og eftirliti yfirborðsmerkinga vega. Fastráðnir starfsmenn Vegagerðarinnar eru um 350, þar af eru um 230 á landsbyggðinni.

Þjónusta á flugvöllum á landsbyggðinni.

Árið 2000 var undirritaður samningur milli Flugmálastjórnar og Akureyrarbæjar varðandi slökkvi- og björgunarþjónustu á Akureyrarflugvelli. Samningurinn fól í sér að Slökkvilið Akureyrar tæki að sér að annast slökkvi- og björgunarstörf og verkefni sem lúta að öryggismálum á Akureyrarflugvelli en Slökkvilið Akureyrarflugvallar á vegum Flugmálastjórnar sinni þeim áður. Að auki hefur Slökkvilið Akureyrar tekið að sér þjálfun og faglega umsjón með slökkvi- og brunavarnarmálum á landsbyggðarflugvöllum Flugmálastjórnar, þ.e. öllum völlum öðrum en í Reykjavík og Keflavík. Þjálfunin hafði fram að þessu farið fram í Reykjavík. Með samningnum hélt Flugmálastjórn áfram á þeirri braut að fela sveitarfélögum rekstur flugvallarslökkviliða. Stofnunin hefur gert sams konar samning við Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs. um slökkvi- og björgunarþjónustu á Reykjavíkflugvelli.

Þá hefur verið ráðið í fjórar nýjar stöður vegna aukins viðbúnaðar á áætlunarflugvöllum á Egilsstöðum, Höfn og í Vestmannaeyjum. Nokkur reynsla er komin á samning um sameiginlegan rekstur slökkviliðs á Egilsstöðum á milli sveitarfélagsins og Flugmálastjórnar og gerðir hafa verið samningar við Fjarðarbyggð um rekstur flugvallarins í Norðfirði og Siglu-

fjarðarbæ um rekstur flugvallarins á Siglufirði. Jafnframt hefur flugmálastjóra verið falið að undirbúa frekari samninga á þessu sviði.

Þá er á vegum Flugmálastjórnar í auknum mæli keypt hönnunarvinna utan höfuðborgarsvæðisins, svo og ýmiss konar viðhaldsþjónusta.

Á heildina litið skapa þessar breytingar um það bil sex ný störf á landsbyggðinni. Á vegum Flugmálastjórnar starfa alls um 250 manns, þar af um 61 starfsmaður á landsbyggðinni.

Útibú Siglingastofnunar.

Árið 1998 var opnað útibú Siglingastofnunar í Keflavík, til viðbótar við önnur er hafa verið á landsbyggðinni um árabíl. Þar starfar einn maður. Þá hefur frá ársbyrjun 2001 verið unnið að verkefni sem tengist flokkun og skráningu skannaðra teikninga í útibúi Siglingastofnunar á Ísafirði. Jafnframt hefur verið ákveðið að þar verði unnið að skipulagi og úrvinnslu skyndiskoðana fiskiskipaflotans. Um er að ræða tæpt stöðugildi. Á vegum Siglingastofnunar starfa alls um 90 manns, þar af um 15 á landsbyggðinni. Þar að auki eru 54 vitaverðir í hlutastarfi, allir á landsbyggðinni.

Rannsóknarnefnd sjóslysa.

Rannsóknarnefnd sjóslysa var með aðsetur í Reykjavík, en samfara endurskipulagningu á allri starfsemi nefndarinnar var aðsetur hennar flutt í Stykkishólm haustið 2001. Við nefndina eru tvö föst stöðugildi á ársgrundvelli þó að umfang starfseminnar sé mun meira en endurspeglast í tveimur stöðugildum þar eð vinnuframlag nefndarmanna er til viðbótar framlagi fastra starfsmanna.

Íslandspóstur hf.

Á vegum Íslandspósts hf. hefur aðalskiptiborð og þjónustuver fyrirtækisins fyrir einstaklinga verið flutt til Akureyrar, þökkun fyrsta dags umslaga til Ísafjarðar, frímerkjavarsla í Borgarnes og vinna við ármöppur í Búðardal auk þess sem smávörulager fyrirtækisins hefur verið fluttur til Blönduóss. Þessar ákvarðanir þýða að um það bil átta til tíu ársverk hafa verið flutt út á land. Á vegum Íslandspósts starfa um 1.260 manns, þar af eru um 470 úti á landi. Þessu til viðbótar eru starfandi sem verktakar um 100 landpóstar og um það bil 40 stöðugildi eru hjá samstarfsaðilum Póstsins á landsbyggðinni.

Landssími Íslands hf.

Síminn hefur markvisst unnið að því að flytja störf út á land í tengslum við upplýsingasímann 118. Svarað er í 118 á fjórum stöðum á landinu, þ.e. í Reykjavík, á Ísafirði, Akureyri og Egilsstöðum. Nú eru 62 stöðugildi á vegum 118 á landsbyggðinni. Alls starfa um 1.300 manns hjá Símanum, þar af um 300 á landsbyggðinni.

Ferðamálaráð Íslands.

Við Ferðamálaráð Íslands starfa 20 manns, hérlendis og erlendis. Árið 1994 var opnað á Akureyri útibú frá Ferðamálaráði. Þá voru voru starfsmenn útibúsins fjórir en þeir eru fimm núna.

Samantekt.

Af framansögðu má sjá að markvisst hefur verið unnið að flutningi starfa út á land á vegum stofnana samgönguráðuneytis og hlutafélaga á þess vegum. Meginniðurstaðan er sú að á undanförunum árum, þó sér í lagi frá árinu 1999 fram til dagsins í dag, hefur verið stofnað til 95 nýrra starfa úti á landi á vegum stofnana samgönguráðuneytis og hlutafélaga á þess vegum.